

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Hinn 30. júlí 1996 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem gerður var í Arendal 14. júní 1994. Samningurinn öðlast gildi 1. október 1996. Alþingi hafði með lögum nr. 66/1996 samþykktum 22. maí 1996 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samkvæmt 2. gr. laganna hafa ákvæði samningsins lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögunum í A-deild Stjórnartíðinda.

Við gildistöku þessa samnings fellur úr gildi síðasti málslíður 30. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.